



Hvað leynist í pokanum ?

Námsleikir

Markmið

Að þjálf hugtök á borð við *mjúkur, harður, linur, minni, stærri* og svo framvegis.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Poki sem sést ekki í gegnum.
Ýmsir valdir smáhlutir.

Mat á framkvæmd

Leikjalýsing

Nemendahópurinn sest í hring. Kennarinn kemur með poka (sem sést ekki í gegnum) sem inniheldur nokkra smáhluti og færir einum nemanda. Nemandinn sem fær pokann stingur hendinni í pokann og þreifir á einhverjum hlut. Nemandinn lýsir svo hlutnum upphátt án þess að segja nafnið á honum. Þegar gískað er á réttan hlut er hluturinn tekinn upp úr pokanum og skoðaður. Sá sem svaraði rétt tekur þá við pokanum og heldur áfram.

Aðrar útfærslur

Það er hægt að útfæra leikinn þannig að bundið sé fyrir augun á nemandanum sem er með pokann. Hann tekur einn hlut upp úr pokanum, samnemendur hans sjá hlutinn og sá sem er með bundið fyrir augun giskar á hver hluturinn er. Hann má spyrja samnemendur út í hlutinn og komast þannig nær því að gíska á rétt svar.